



Námsáætlun íslenska

9. bekkur 2024–2025

Kennarar: Hulda Guðný Jónsdóttir, Katrín María Hjartardóttir og Sigríður Jóhannsdóttir

Verkefni vetrarins:

- Íslendingasaga – Lestur, umræður, vinnubók og skapandi skil
- Horft á Útlagann
- Stuttmyndir í tengslum við sögur
- Skáldsaga – bókakynning
- Heimildaritgerð – samþættingu við samfélagsfræði
- Bókmenntaritgerð/kynning – Skáldsaga að eigin vali
- Málfræði og stafsetning ýmis konar verkefni og hugtakakort
- Verkefni í upplýsingatækni, canva
- Fjölbreytt ritunarverkefni
- Þjálfunarverkefni í lestri, málfræði og stafsetningu
- Hlaðvarp/Podcast
- Glærur og glærukynningar
- Íslensk kvikmynd og kvikmyndagagnrýni
- Fjölbreytt verkefnavinna í smiðjum.
- Ljóð og vísur

Markmið:

1. Talað mál, hlustun og áhorf
Nemandi getur kynnt munnlega ákveðið viðfangsefni með gögn sér til stuðnings líkt og texta/tónlist/myndefni.

Nemandi styrkist í samvinnu og á góð samskipti við samnemendur sína þar sem hann sýnir tillitssemi, virðingu og kurteisi.
Nemandi eflist í að koma fram og flytja mál sitt á frambærilegan hátt.
Nemandi getur nýtt sér bjargir líkt og fjölmiðla, sjónvarp og rafrænt efni og myndað sér skoðanir á því sem þar er að finna.
Nemandi ber ábyrgð á eigin verkefnum.
2. Lestur og bókmenntir
Nemandi kynnist Íslendingasögum og eflist í lestri þeirra og umræðum.
Nemandi kynnist bókmenntum eftir íslenska og erlenda höfunda og getur sagt frá þeim og tekið afstöðu til efnis þeirra.
Nemandi þekkir helstu hugtök bókmenntagreiningar - innri/ytri tíma, sögusvið, sjónarhorn sögumanns, tákn og minni.
Nemandi er með góð tök á lestri og getur greint aðalatriði í texta frá aukaatriðum.
Nemandi fræðist um myndmál í ljóðum, persónugervingu, myndhverfingu og viðlíkingu.
Nemandi þjálfast í að lesa ýmiskonar texta með góðum skilning á því sem lesið er.
Nemandi þekkir rím, stuðla og höfuðstafi.
3. Ritun
Nemandi þjálfast í ritun og getur skrifað margs konar texta, sögur eða frásagnir og gert útdrætti úr textum.
Nemandi getur nýtt sér hugtakakort við ritunarvinnu og er fær um að gera beinagrind fyrir ritgerð.

Nemandi getur samið texta frá eigin brjósti og sýnt fram á fjölbreyttan og góðan orðaforða.
Nemandi eflist enn frekar í stafsetningu og hafi náð tökum á réttritunarreglum.
Nemandi lærir að skrifa heimildaritgerð með forsíðu, inngangi, meginmáli og lokaorðum og er fær um að vísa rétt í heimildir ásamt því að gera heimildaskrá.
Nemandi getur sett ritgerð upp í viðurkenndu ritvinnsluforriti (t.d. Word).
Nemandi er fær um að tjá hugmyndir sínar og skoðanir og getur fært rök fyrir þeim á rituðu máli.
4. Málfræði
Nemandi er fær um að beygja sagnorð í kennimyndum og getur greint í veika, sterka og blandaða beygingu.
Nemandi þekkir setningarhlutana frumlag, umsögn, andlag og sagnfyllingu og getur greint í einföldum setningum.
Nemandi þekki helstu einkenni fallorða og sagnorða.
Nemandi getur greint texta í orðflokka.
Nemandi þekkir persónulegar og ópersónulegar sagnir og getur áttað sig á áhrifssögnum og áhrifslausum sögnum.

Leiðir að markmiðum:

Lögð áhersla á að efla nemendur í lestri, lesskilningi, ritun,framsögn og tjáningu, málfræði og stafsetningu með ólíkum verkefnum og kennsluaðferðum.

- Samvinnunám
- Umræður og spurnaraðferðir
- Bein kennsla
- Heimildavinna
- Lestur og ritun
- Munnleg skil – framsögn og tjáning
- Umræður og vinna við skapandi skil

- Innlagnir
- Vinnubókavinna
- Læsis tímar
- Samvinnunám
- Þemanám/smiðjur
- Podcast
- Book creator
- Vefsíðugerð
- Námsfélagar

Námsefni til grundvallar:

- Málið í mark
- Úr myrkrinu
- Útbrot 2. hluti
- Gísla saga Súrssonar
- Lesskilningur
- Ljóð
- Heimildaritgerð/bókmenntaritgerð
- Framsögn og tjáning
- Skapandi ritun
- Lestrarsprettir
- Málnotkun, málfræði, stafsetning
- Neistar – texta og verkefnabók
- Hljóðbækur
- Ýmislegt efni af vef

Afurð / námsmat:

- Skapandi skil
- Ýmis verkefni
- Verkefni á Google Classroom
- Útprentuð verkefni frá kennara
- Kannanir
- Sjálfsmat og jafningjamat
- Lokaeinkunn

